



100
1922 2022

VÍNBÚÐIN

Árs- og samfélagsskýrsla ÁTVR 2022

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERSLUN RÍKISINS
Stuðlaháls 2 | vinbudin@vinbudin.is | vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

Formáli forstjóra



Frá forstjóra

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins átti hundrað ára starfsafmæli á árinu 2022. Venja er að miða stofndaginn við 3. febrúar þegar fyrsti forstjórinн тók til starfa. Í tilefni afmælisins er ágætt að rifja upp upphaf og þróun ríkisrekinna áfengisverslana og helstu ástæður fyrir því að þeim var komið á fót á sínum tíma. Þeim sem vilja kynna sér sögu ÁTVR sérstaklega er bent á bókina um sögu ÁTVR en hún er aðgengileg á bókasöfnum og [vef ÁTVR](#).

Áfengi hefur lengi verið hluti af mannlegu samfélagi

Það að komast í vímu af einhverju tagi hefur tíðkast frá öröfi alda. Á síðari tímum hafa menn í vestrænum samfélögum verið sérstaklega duglegir að fá sér í staupinu og Evrópubúar eiga það vafasama heimsmet að drekka mest allra af áfengi.

Á miðöldum var bjór eða svokallaður mjöður algengur. Þó svo að mikið hafi verið drukkið má gera að því skóna að menn hafi verið tiltölulega friðsamir miðað við það sem á eftir kom þegar brenndu drykkirnir komu til sögunnar. Þegar sterka áfengið fór að berast til norðurslóða og íbúarnir lærðu að eima sjálfir jókst neyslan verulega. Oft er talað um brennivínsbeltið eða vodkabeltið í þessu sambandi en það liggur eins og keðja um norðurhluta jarðarinnar. Líklega hefur íbúum á norðurslóðum þótt gott að fá hita í kroppinn um stundarsakir til þess að gleyma erfiðum lífsskilyrðum. Erfitt er fyrir nútímmanninn að gera sér í hugarlund hversu alvarlegt ástandið var á þessum tíma vegna ofneyslu áfengis. Mikilli neyslu fylgdi fjöldi alvarlegra vandamála, andleg, félagsleg og líkamleg. Stjórnvöld víða um heim sáu að ekki var hægt að búa við óbreytt ástand og gripu þau til ýmissa ráðstafana til þess að stemma stigu við neyslunni. Sum lönd lokuðu jafnvel alveg á söluna um tíma og er talað um bannárin í því sambandi. Bandaríkin voru þar framarlega í flokki.

Þegar sterka áfengið fór að berast til norðurslóða og íbúarnir lærðu að eima sjálfir jókst neyslan verulega.

Áfengisbann leysti ekki áfengisvandann

Um aldamótin 1900 og fram á tuttugustu öldina var áfengisneyslan í Bandaríkjum komin í hæstu hæðir með þeiri ógæfu sem slíkri neyslu fylgdi. Sjálfri stjórnarskránni var þá breytt þannig að framleiðsla, dreifing og sala áfengis til almennings var bönnuð í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Bannið tók gildi árið 1920 og stóð í þrettán ár. Þá var stjórnarskránni breytt aftur og áfengissalan leyfð á ný. Vissulega dró verulega úr áfengisneyslu á bannárunum en ýmis önnur vandamál komu upp. Nægir að nefna nafnið Al Capone til þess að flestir átti sig á því hvað tók við. Capone þessi var umsvifamikill glæpamaður sem náði

að byggja upp mikið veldi með ólöglegri áfengissölu, en salan blómstraði á bannárunum og mikið var um skipulagða glæpastarfsemi í kringum hana.

Kanadamenn misstu tökin á áfengisneysslunni seitn á 19. öldinni og bannárin héldu innreið sína þar líka. Bannið varð þó aldrei eins strangt og í Bandaríkjunum. Þeir náðu vissulega árangri við að ná niður neyslunni en önnur óáran kom upp á yfirborðið svipað og í Bandaríkjunum. Kanadamenn leyfðu þó áfram framleiðslu á áfengi til útflutnings og orsakaði það meðal annars heilmikið smygl til Bandaríkjanna.

Ísland, Noregur, Svíþjóð og Finnland eru í vodkabeltinu. Auk Norðurlandanna eru þar einnig m.a. baltnesku löndin, Pólland og Rússland. Aðstæður voru að mörgu leyti svipaðar í Bandaríkjunum og Kanada. Almenningur hafði misst tökin á neyslunni og vandamálin yfirþyrmandi. Í þessum löndum héldu bannárin líka innreið sína, þó með mismunandi hætti. Sums staðar var allsherjarbann sett á meðan annars staðar var látið duga að setja miklar skorður við áfengissöluna.

Reynsla bannáranna leiddi í ljós að bann leysti ekki áfengisvandann því það skapaði fleiri vandamál en það leysti. Einhvern veginn varð samt að finna heppilega lausn á sölu áfengis með ábyrgum hætti án þess að allt færi í óefni aftur.

Upphaf ríkisrekina áfengisverslana

Í Bandaríkjunum kom fram á sjónarsviðið umsvifamikill athafnamaður að nafni John D. Rockefeller. Rockefeller þessi átti velgengni að fagna í viðskiptalífinu og byggði hann upp risafyrirtæki á heimsvísu. Hann var framsýnn og einn af aðal talsmönnum frjálsrar samkeppni þess tíma. Hann var bindindismaður og var vel ljós skaðsemin sem ofneysla áfengis veldur. Hann skildi líka mikilvægi einkarekstrar og hvað það er sem drífur einkareksturinn áfram. Það er magnað að Rockefeller var strax þeirrar skoðunar að sala á áfengi og einkarekstur fara ekki vel saman. Einkarekstur, samkeppni og markaðsöflin eru einfaldlega of öflug verkfæri fyrir áfengissöluna. Eða með orðum Johns D. Rockefeller sjálfs:

„Aðeins þegar hagnaðarhvötinni hefur verið eytt er von til þess að hægt sé stjórna áfengissölunni til hagsbóta fyrir sómasamlegt samfélag. Allar aðrar leiðir eru yfirklór og dæmdar til að mistakast. Á þetta þarf að leggja ofuráherslu.“

Textinn er sein tilvitnun úr formála bókarinnar „Toward Liquor Control“, sem gefin var út árið 1933.

Það er magnað að Rockefeller var strax þeirrar skoðunar að sala á áfengi og einkarekstur fara ekki vel saman.

Skoðun Rockefellers var að drifkraftur sífellt aukins hagnaðar reki einstaklinga áfram í að leita stöðugt leiða til þess að auka sölu og þar með bæta sinn hag. Þá væri betra að vera með sérstök fyrirtæki í eigu ríkisins sem hefðu það hlutverk að flytja inn, selja og dreifa áfengi til almennings. Starfsfólkið væri ríkistarfmenn á föstum launum sem hefði engan persónulegan hag af því að auka söluna. Samkeppni í áfengissölu væri þannig útilokuð og þar með yrði minna áfengi selt. Einnig myndi allur hagnaður af áfengissölunni renna til ríkjanna sjálfra og þar með fengju þau fé til þess að standa straum af samfélagslegum kostnaði sem óhjákvæmilega fylgdi áfengisneysslunni. Segja má að hugmyndafræði Rockefellers hafi lagt grunninn að starfsemi ríkisrekina áfengisverslana.

Eftir bannárin í Bandaríkjunum og Kanada settu ríkin upp hvert sitt kerfi fyrir sölu á áfengi. Mörg fóru þá leið að koma á fót leyfisskyldum verslunum í einkarekstri meðan önnur ákváðu að salan skyldi alfarið vera í höndum ríkisins. Alls voru það 18 ríki af 50 í Bandaríkjunum sem ákváðu að ríkið skyldi sjá um áfengissöluna og öll fylkin 13 í Kanada tóku upp svipað kerfi.

Ríkiseinkasölur voru settar upp víðar, t.d. í Rússlandi, Íslandi, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Flestar starfa ennbá og Færeyjar bættust í hópinn á síðari árum. Í dag, rúmlega hundrað árum síðar, er kerfið að mestu leyti enn til staðar. Víða á norðurlöndum og í Bandaríkjunum og Kanada lifa ríkisreknar áfengiseinkasölur góðu lífi.

Lög um einkasölu áfengis á Íslandi

Á síðari áratugum hefur þróun einkasalanna farið í mismunandi áttir. Norrænu löndin leggja höfuðáherslu á lýðheilsusjónarmið og samfélagseiga ábyrgð en vestanhafs er meiri áhersla lögð á að afla fjár fyrir ríkissjóði.

Á Íslandi voru lög um einkasölu ríkisins á áfengi samþykkt á Alþingi árið 1921 og tóku þau gildi 1. janúar árið 1922. Lögin veittu ríkisstjórninni og henni einni heimild til að flytja inn og selja áfengi með meira en 2,25% af vínanda. Í framhaldinu var Áfengisverslun ríkisins, ÁVR, sett á laggirnar. Venjan er að miða við þriðja febrúar árið 1922 sem stofndag en þann dag tók fyrsti forstjóri verslunarinnar, P. I. Mogensen, til starfa. Fyrsta áfengisverslunin opnaði þann 29. júní sama ár í Reykjavík. Fljóttlega voru áfengisverslanir opnaðar á öllum þéttbýlisstöðum landsins með kaupstaðaréttindi, þ.e. í Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Eins merkilega og það kann að hljóma voru fyrstu vínbúðirnar í eigu einkaaðila. Ríkið sá um innflutning, verðlagningu, dreifingu og eftirlit en einkaaðilar sáu um búðirnar sjálfar og afhendingu vörunnar til viðskiptavina. Í upphafi voru einungis sold spænsk vín í verslununum en smám saman var vöruúrvalið aukið. Sala á sterku áfengi var áfram bönnuð. Það var ekki fyrr en árið 1935 sem lögumnum um áfengissöluna var breytt og sala á sterku áfengi leyfð. Næsti stóri áfangi í sögu ÁVR átti sér stað árið 1961 en þá var rekstur ÁVR sameinaður við Tóbaksverslun ríkisins og heitir verslunin eftir það Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða ÁTVR.



Ríkisreknar áfengiseinkasölur innan Evrópusambandsins

Þegar kom að því að norrænu löndin fóru að huga að inngöngu í Evrópusambandið urðu miklar umræður um framtíð ríkiseinkasalanna en grunnstoðir Evrópusambandsins eru frjálist flæði á vöru og bjónustu ásamt frelsi í viðskiptum. Það kom mörgum á óvart að þegar Svíar gengu í sambandið var samþykkt að þeir fengju að halda áfengiseinkasölunni. Sama var upp á teningnum þegar Finnar samþykktu aðild. Evrópusambandið viðurkenndi þannig að aðildarlöndin gátu látið lýðheilsu og almannahéill ganga fyrir viðskiptahagsmunum einkafyrirtækja.

Ekki líkaði öllum niðurstaðan og fljóttlega var látið reyna á ákvörðunina fyrir Evrópusambandið. Eftir töluverð málaverli varð niðurstaða Evrópusambandsins sú að rekstur á ríkisreknum áfengiseinkasölu stæðist lög Evrópusambandsins. Skilyrði var sett að hálfu dómstólsins að ríkin mættu eingöngu vera með einkaleyfi að að selja áfengi í smásölu og ekki stunda aðra starfsemi. Dómstóllinn kvað þannig upp með það að ef ríkiseinkasölurnar væru grundvallaðar á lýðheilsu og

almannaheill og tilgangurinn með rekstri þeirra væri að takmarka skaðann sem ofneysla áfengis veldur í samfélaginu þá samrýmdist rekstur þeirra lögum ESB. Í framhaldinu hættu einkasölnar að mestu annarri starfsemi eins og framleiðslu, innflutningi og heildsölu og einskorðuðu sig við smásöluna. Jafnframt var skattaumhverfinu breytt þannig að áfengisskattar eða gjöld voru aðskilin frá rekstri fyrirtækjanna. Litið var svo á að með þeirri breytingu ætti eigandinn, þ.e. ríkið, að fá eðlilegar tekjur af rekstrinum en ekki að litið sé á þau eins og mjólkurkýr fyrir ríkissjóði landanna.

Niðurstaða dómistólsins olli miklum breytingum á rekstri verslananna og var þeim komið til nútímahorfs á skömmum tíma. Í mörg ár á eftir var stöðugt látið reyna á ýmis álitaefni fyrir dómistólnum en á endanum var hugmyndafræðin á bak við ríkiseinkasölnar um bætta lýðheilsu og almannuheill viðurkennd sem lögmæt leið stjórnvalda til þess að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og kostnaði samfélagsins.

Fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi

Á Íslandi hefur ÁTVR starfað óslitið frá stofndegi, fyrst sem ÁVR og síðar sem ÁTVR. Stjórn var yfir versluninni um árabil en hún var lögð niður árið 2011. Mikil umskipti hafa orðið á rekstri ÁTVR á síðustu árum og áratugum. Áður var verslunin gamaldags og íhaldssöm ríkisstofnun með fáum verslunum, litlu vöruúvali, afgreiðslu yfir borð og starfsfólki í einkennisklæðum sem tóku mið af fatnaði löggreglu og tollvarða. Í dag er ÁTVR margverðlaunað þjónustufyrirtæki sem leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og góða þjónustu og er verslunin í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins. Útilokað er að ná slíkum árangri nema með úrvals starfsfólki. Gæfa ÁTVR er einmitt sú að til verslunarinnar hefur valist framúrskarandi hópur starfsfólks sem leggur sig fram til hins ítrasta við að ná árangri í sínum störfum.

Undanfarna áratugi hefur jafnan verið mikil umræða um framtíð ÁTVR og fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi. Sú umræða hefur skilað sér inn á Alþingi og mörg frumvörp og þingsályktunartillögur hafa verið lagðar fram um breytingu á einkaleyfinu sem ÁTVR byggir starfsemi sína á. Á síðustu áratugum hafa alls sautján frumvörp og þrjár þingsályktunartillögur verið lagðar fram. Málin hafa verið ólík og gengið mislangt. Fyrstu frumvörpin gengu út á að ÁTVR framseldi einkaleyfi sitt til reksturs vínbúða til einkaaðila. Næst kom frumvarp um að leyfa sölu á áfengi með minna en 22% víinandastyrk í almennum verslunum.

Það var lagt fram sex sinnum í lítið breyttri mynd. Þar á eftir kom frumvarp um að leggja ÁTVR niður og leyfa sölu alls áfengis í matvöruverslunum, það var lagt fram þrisvar án mikilla breytinga. Árið 2017 til 2018 kom fram frumvarp um að afnema einkaleyfi ÁTVR og leyfa sölu áfengis í sérverslunum. Það var lagt fram tvisvar. Ekkert af ofangreindum frumvörpum hlaut brautargengi. Líklegt er að umræðan um fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi haldi áfram næstu ár og áratugi.

Ég færí samstarfsfólk mínu í gegnum tíðina bestu þakkir fyrir að koma ÁTVR í hóp bestu þjónustufyrirtækja landsins og þakka samstarfið á liðnum árum og áratugum.

Ívar J. Arndal

Í dag er ÁTVR
margverðlaunað
þjónustufyrirtæki sem
leggur mikla áherslu á
samfélagslega ábyrgð
og góða þjónustu og
er verslunin í hópi
bestu
þjónustufyrirtækja
landsins.

Heildarstefna

Hlutverk

Að framfylgja stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið.

Stefna

Að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynnd á sviði samfélagsábyrgðar.



Framúrskarandi
ÞJÓNUSTA

Við veitum framúrskarandi og fjölbreytta þjónustu með jákvæðu viðmóti, virðingu og faglegri ráðgjöf. Það er okkur hjartans mál að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina með fagmennsku og fræðandí upplýsingum.

Upplifun – Vöruúrvall – Traust



frábært
STARFSFÓLK

Frábært starfsfólk er grunnur að góðum árangri. Við viljum eftirsóknarverðan vinnustað þar sem samskipti einkennast af lipurð, bekkingu og ábyrgð. Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu.

Starfsumhverfi – Þekking – Liðsheild



ábyrgir og skilvirkir
STARFSHÆTTIR

Fagmennska, hagkvæmni og ábyrg vinnubrögð einkenna starfsemina. Lögð er áhersla á mælanleg markmið til að tryggja árangur á öllum sviðum. Við fylgjumst með og tileinkum okkur nýjungrar til framfara.

Ábyrgð – Fagmennska – Nýsköpun



og góð tengsl við
BIRGJA

Við leggjum áherslu á góð tengsl og samvinnu við birgja og þjónustuaðila. Við gætum jafnræðis í samskiptum og við val og dreifingu á vörum. Öflug rafræn samskipti og birgjavefur bæta þjónustu og upplýsingaflæði.

Jafnræði – Samtal – Upplýsingar



skapa **SÁTT** í samfélaginu
um hlutverk okkar

Við erum fyrirmynnd í samfélagsábyrgð og þjónustu. Við stuðlum að sátt og jákvæðu orðspori um hlutverk okkar. Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka vistspor okkar.

Sjálfbærni – Samfélagið – Ímynd

ÁTVR vinnur eftir **15 ÁHERSLUM** sem styðja við fimm meginþætti starfseminnar.

Stefnan gildir frá 1. janúar 2020

Ný heildarstefna tók gildi 1. janúar 2020, hún byggir á fimm meginþáttum starfseminnar: þjónustu, starfsfólki, starfsháttum, birgjum og samfélagi. Fyrir meginþættina hafa 15 áherslur verið skilgreindar og út frá þeim eru aðgerðaáætlanir og mælikvarðar unnir. Upphaflega var stefnunni ætlað að gilda í þrjú ár en vegna óvenjulegra aðstæðna var ákveðið að framlengja gildistökuna um eitt ár, því mun gildistími stefnunnar vera til ársloka 2023.

ÁTVR hefur sett sér stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnu.

Hér er hægt að kynna sér stefnur ÁTVR →

INNGANGUR

Framkvæmdaráð



Ívar J. Arndal
Forstjóri



Sigrún Ósk Sigurðardóttir
Aðstoðarforstjóri



Sveinn Víkingur Árnason
Framkvæmdastjóri



Kristján M. Ólafsson
Framkvæmdastjóri

Skipulag og stjórnun

ÁTVR starfar eftir lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Lögin gilda um smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki. Markmið laganna er þríþætt: Skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óaeskilegum vörum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstjóra sem fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri.



Skipuritið gildir frá 1. ágúst 2020

Skipuritið sýnir starfsemi fyrirtækisins á myndrænan hátt. Meginsviðin eru tvö: vörudreifing og heildsala tóbaks, og sölu- og þjónustusvið. Stoðsviðin eru fjögur: fjárhagssvið, mannaðs- og starfsprúnarsvið, rekstrarsvið og vörusvið. Þeim er ætlað að styðja meginsviðin tvö. Aðstoðarforstjóri ber ábyrgð á samfélagslegri ábyrgð sem er hluti af fjárhagssviði.

Til að tryggja skilvirka stjórnun, funda forstjóri og framkvæmdastjórar að jafnaði vikulega. Reglulegir starfsmannafundir starfsstöðva og fundir með stjórnendum Vínbúða komust í fyrra horf eftir heimsfaraldurinn. Áfram er reynt að nýta fjarfundarbúnað eins og kostur er til að spara ferðatíma, en einnig til að auka þátttöku starfsstöðva, sérstaklega á landsbyggðinni. Workplace gegnir mikilvægu hlutverki í miðlun upplýsinga bæði þeim sem snúa beint að vinnu og verkefnum, en einnig að fjölmögum öðrum þáttum svo sem fræðslu og félagslifi.

INNGANGUR

Árs- og samfélagsskýrsla

Starfsemi ÁTVR er eingöngu á Íslandi. Árs- og samfélagsskýrslan nær yfir alla starfsemina og gildir fyrir árið 2022. Ísland er skilgreint sem nærsamfélag, allir stjórnendur eru íslenskir og búsettir á landinu. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og birt á www.vinbudin.is. Hægt er að prenta skýrsluna út í heild eða velja einstaka hluta hennar til útprentunar.

Til að leggja áherslu á réttmæta og gagnsæja upplýsingagjöf hefur samfélagsskýrslan verið rýnd og staðfest af alþjóðlega endurskoðunarfyrtækini Deloitte, samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISEA 3000 (revised) með takmarkaðri vissu (e. limited assurance). Í GRI-skýrslu má sjá **staðfestingu frá Deloitte**.



Við gerð skýrslunnar er fylgt Global Reporting Initiative (GRI) Standards. Tilgangurinn er að skrá og miðla með gagnsæjum hætti upplýsingum sem tengdar eru samfélagslegri ábyrgð. Í skýrslunni er gerð grein fyrir **36 mælikvörðum**. Hægt er að nálgast heildaryfirlit og mælikvarða í sjálfbærnihluta skýrslunnar. Gerð er grein fyrir mælikvörðum í texta skýrslunnar þar sem það á við.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi í ársbyrjun 2016. Þau eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og þeim fylgja 169 undirmarkmið. Mælt er með því að fyrirtæki og stofnanir innleiði markmiðin í starfsemi sína. ÁTVR hefur unnið með sex áherslumarkmið: heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftlagsmálum og samvinnu um markmiðin. Í sérstöku yfirliti í skýrslunni er gerð grein fyrir einstökum áherslum.



Amfori eru leiðandi samtök í heimi viðskipta þar sem markmiðið er að tryggja að öll viðskipti skapi félagslegan, umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning fyrir alla. Áfengiseinkasölur á Norðurlöndunum, þar með talið ÁTVR, eru aðilar að amfori. Siðareglur amfori eru lagðar til grundvallar í norræna samstarfinu (NAM – Nordic alcohol monopoly). Með aðild vilja einkasölurnar stuðla að aukinni sjálfbærni í aðfangakeðjunni og tryggja, eins og kostur er, að allar vörur sem boðnar eru til sölu séu framleiddar í samræmi við siðareglur. Lögð hefur verið áhersla á formlegt og aukið samstarf amfori og NAM. Covid hafði veruleg áhrif á starfsemi amfori en á sama tíma varð jákvæð þróun í framleiðslu á rafrænni fræðslu. Markmið allra námskeiða og úttekta sem framkvæmdar eru, er að tryggja að siðareglum sé framfylgt í aðfangakeðjunni um leið og leitað er leiða til að gera betur.



FESTA
Samfélagsábyrgð
fyrtækja

Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni hefur það hlutverk að efla samfélagslega ábyrgð fyrtækja og hvetja þau til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni. ÁTVR er meðlimur í Festu og tekur virkan þátt í starfsemi félagsins.

Deloitte.

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Ráðgjafafyrirtækið Deloitte var fengið til að veita álit á ófjárhagslegri upplýsingagjöf í árs- og sjálfbærniskýrslu. Verkefnið fól í sér að kanna með gagnaskoðunum, viðtölum og úrtaksprófunum hvort upplýsingar sem settar eru fram (með vísun GRI mælikvarða) eru réttar, með takmarkaðri vissu, og gefa út um það áritun í samræmi við staðal ISAE 3000. Skoða staðfestingu frá Deloitte.

Framúrskarandi bjónusta

Við veitum framúrskarandi og fjölbreytta bjónustu með jákvæðu viðmóti, virðingu og faglegri ráðgjöf. Það er okkur hjartans mál að mæta þórfum og væntingum viðskiptavina með fagmennsku og fræðandi upplýsingum.



100
1922-2022
VÍNBÚÐIN

Að vera í hópi bestu bjónustufyrirtækja landsins

Við veitum framúrskarandi og fjölbreytta bjónustu með jákvæðu viðmóti, virðingu og faglegri ráðgjöf. Það er okkur hjartans mál að mæta þórfum og væntingum viðskiptavina með fagmennsku og fræðandi upplýsingum.


Niðurstöður bjónustukannana eru mikilvægur mælikvarði til að fylgjast með hvort markmiðið um að vera eitt af bestu bjónustufyrirtækjum landsins, náist. Niðurstöður úr mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar gefa vísbindingar um stöðuna í samanburði við fyrirtæki á almennum markaði. Þegar kemur að samanburði er sérstaklega horft til fyrirtækja annars vegar á matvörumarkaði og hins vegar til smásölumarkaðarins sem heild. Vínbúðin var með næsthæstu einkunn ef miðað er við matvöruverslanir. Ef miðað er við smásoluverslanir sem heild var Vínbúðin í tíunda sæti, af alls 18 fyrirtækjum. Einkunn lækkaði á milli ára, er nú 68,9 en var árið áður 70,1.



Önnur ekki síður mikilvæg mæling er bjónustukönnun þar sem Gallup mælir ánægju viðskiptavina í hverri Vínbúð fyrir sig. Tilgangur bjónustukannana er að fá fram skoðun viðskiptavina á þeim þáttum sem taldir eru mikilvægastir. Viðskiptavinir gefa einkunn fyrir bjónustu, vörval, viðmóti og þekkingu starfsfólks. Vínbúðirnar eru flokkaðar í minni og stærri búðir eftir vörvali. Í flokki stærri búða eru allar Vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu auk Vínbúðanna á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Helstu mælikvarðar eru ánægja með bjónustu og viðmóti starfsfólks. Almennt er einkunn minni Vínbúða, sem allar eru á landsbyggðinni, hærri en þeirra stærri.


Ánægjulegt er að einkunnin hækkar lítillega á milli ára og í öllum tilfellum er heildarniðurstaðan á styrkleikabili, það er hærri en 4,20 af 5 mögulegum. Niðurstöður allra kannana eru rýndar með það að markmið að leita leiða til að ná betri árangri.

Á HEILDINA LITIÐ, HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ ÞJÓNUSTU VÍNBÚÐARINNAR?



Mælt á kvarðanum 1-5. Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínþúðanna sept. - des. 2021.

HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR VIÐMÓT STARFSFÓLKS VÍNBÚÐANNA ALMENNT VERA?



Mælt á kvarðanum 1-5. Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínþúðanna sept. - des. 2021.

VÍÐSKIPTAVINIR

Vefurinn

Á www.vinbudin.is hafa viðskiptavinir góðan aðgang að praktískum upplýsingum meðal annars um opnumartíma, vörugal og staðsetningu Vínþúða. Markmið heimasiðunnar er ekki síður að veita vínráðgjöf og birta greinar sem tengja saman vín og mat. Á síðunni er til dæmis hægt að nýta sér veislureiknivél til að áætla magn af víni fyrir veislur. Á síðunni eru einnig fjöldi mataruppskrifta þar sem hægt er að fá tillögur að vínum sem henta með hverjum rétti. Kokteilsíðan hefur verið uppfærð og nú er til dæmis hægt að leita eftir tilefni og/eða litum.

Á mínum síðum er hægt að setja vörur á topplista, gefa einkunn og skrifa minnisatriði. Auk þess er hægt að nálgast vefpantanir og skoða stöðu þeirra. Vöruval í vefbúð hefur aukist jafnt og þétt. Auk vara í vöruvali Vínbúðanna er hægt að velja úr um 800 tegundum af vörum í sérpöntun. Í heildina geta viðskiptavinir valið úr rúmlega 4000 tegundum í vefbúð og fengið afhent sér að kostnaðarlausu í Vínbúð að eigin vali.

Í byrjun desember bættist við ný þjónusta þegar viðskiptavinir sem versla í vefbúðinni geta valið Hrísey sem afhendingarstað fyrir vefþöntun. Afhending vefpantana á afhendingarstað er viðskiptavinum að kostnaðarlausu líkt og þegar viðskiptavinur velur að fá þöntunina senda í Vínbúð. Í byrjun árs 2023 verða fleiri afhendingarstaðir opnaðir s.s. í Grímsey, á Raufarhöfn og á Borgarfirði eystri. Tilgangur fjölgunar afhendingarstaða er að auka þjónustu við viðskiptavini á landsbyggðinni. Sérstaklega er horft til beirra staða þar sem langt er að sækja þjónustu í næstu Vínbúð.




vinbudin.is
1.842
þúsund heimsóknir
á árinu

Fjöldi viðskiptavina


Alls fengu rúmlega 5,2 milljónir viðskiptavina þjónustu hjá Vínþúðunum. Viðskiptavinum fækkaði um 5,3% á milli ára, á sama tíma og sala áfengis í lítrum talið minnkaði um 8,4%. Þróunin í sölu og fjölda viðskiptavina er í takt við áætlanir þegar tekið er tillit til mikillar sölu í kjölfar samkomu- og ferðatakmarkana á árunum 2020 og 2021. Flestir viðskiptavinir koma í lok vikunnar á föstudögum og laugardögum eða um 50% af heildarfjölda viðskiptavina.

HLUTFALL VIÐSKIPTAVINA EFTIR DÖGUM



Á www.vinbudin.is er birt yfirlit yfir annatíma sem endurspeglar fjölða viðskiptavina eftir dögum og eftir álagstímum innan dagsins. Yfirlitinu er ætlað að gefa viðskiptavinum, sem til dæmis leita að meiri þjónustu, kost á að velja tíma sem búast má við að færri viðskiptavinir séu í búðunum.


Annatími



Flestir viðskiptavinir heimsóttu Vínþúðirnar 30. desember 2022, þann dag komu rúmlega 45 þúsund viðskiptavinir í Vínþúðirnar. Að jafnaði eru aðrir söluháir dagar, miðvikudagurinn fyrir skírdag, föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgi og Þorláksmessa, það var einnig raunin árið 2022. Fjöldi viðskiptavina þessa daga var á bilinu 36 til 39 þúsund. Til samanburðar er meðalfjöldi viðskiptavina á hefðbundnum föstudagi rúmlega 30 þúsund.

FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA

Flokkað eftir stærstu dögum ársins ásamt samanburði meðalfjölda á föstudegi



5.224

þúsund viðskiptavinir

Vínbúðirnar hafa með markvissum hætti undanfarin ár hvatt viðskiptavini til að draga úr kaupum á einnota burðarpokum. Sölu slíkra poka var hætt um mitt ár 2021. Samhliða hefur úrval af fjölnota burðarpokum aukist og jókst sala þeirra mikið á árinu 2022. Alls voru seldir 212 þúsund pokar. Um 4% viðskiptavina ársins keyptu fjölnota burðarpoka. Vínbúðirnar halda áfram að hvetja viðskiptavini til að hugsa um umhverfið og minnir viðskiptavini á að hafa fjölnota burðarpoka meðferðis frekar en að safna pokum í skúffur og skápa heimilanna.

	2022	2021	% breyting
Seldir lítrar	24.171.336	26.386.024	-8,4%
Fjöldi viðskiptavina	5.223.825	5.517.663	-5,3%
Einnota burðarpokar	0	681.185	-100,0%
Fjölnota burðarpokar	212.155	79.093	168,2%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa fjölnota poka	4,1%	1,4%	183,3%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa einnota poka	0,0%	12,3%	-100%

4%

viðskiptavina kaupa
fjölnota burðarpoka

212.155

fjölnota pokar seldir

Vínbúðir ársins

Öllum Vínbúðum eru sett mælanleg markmið til að meta árangur í rekstri. Markmiðin eru meðal annars um skilríkjaeftirlit, ánægju með þjónustu, viðmótt starfsfólks, rýrnun og gæðaeftirlit. Vínbúðunum er skipt í two flokka eftir fjölda tegunda í vörumerki, stærri og minni Vínbúðir. Alls eru 16 Vínbúðir í flokki þeirra stærri en 35 í flokki minni Vínbúða. Niðurstöður mælinganna eru birtar mánaðarlega og eru öllum stjórnendum Vínbúða aðgengilegar.

Árlega er starfsfólk þeirra Vínbúða sem bestum árangri ná, veitt viðurkenning. Að þessu sinni var Vínbúðin í Garðabæ valin Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða og í flokki minni Vínbúða var Vínbúðin á Akranesi hlutskörpust. Auk þess voru veitt tvenn hvatningarverðlaun. Vínbúðin við Mývatn fékk viðurkenningu fyrir frábæran heildarárangur og Vínbúðin í Austurstræti fékk viðurkenningu fyrir frábæran árangur í skilríkjaeftirliti.

Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða 2022

Garðabær



Vínbúð ársins í flokki minni Vínbúða 2022

Akranes



Ábyrgt vörual



Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Árið 2009 hófu norrænu áfengiseinkasölurnar Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasøla Landsins í Færeyjum og ÁTVR samstarf á sviði samfélagsábyrgðar. Samstarfið hefur aukist jafnt og þétt og megináherslan hefur á undanförnum árum verið á siðferðilegar grundvallarreglur í aðfangakeðjunni, auk umhverfis- og loftslagsmála. Markmið samstarfsins er annars vegar að tryggja, eins vel og kostur er, að allt áfengi sé framleitt samkvæmt alþjóðlegum samþykkjum og siðareglum, sé þannig bæði gott fyrir fólk og umhverfi. Hins vegar er lögð áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif af vörusafninu og starfseminni.

Allar einkasölurnar eru meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori, en markmið þeirra er að tryggja aukna samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni. Í gegnum árin hafa helstu vínframleiðslulönd heims verið heimsótt þar sem fundað hefur verið með helstu hagsmunaaðilum. Á fundunum hafa siðareglur sem einkasölurnar hafa lagt til grundvallar verið kynntar. Siðareglurnar byggja á siðareglum amfori. Verkefninu er ætlað að leiðréttta hegðun, ef úrbóta er þörf, en ekki útiloka vörur nema önnur úrræði hafi verið fullreynnd. Á undanförnum árum hafa Alko, Systembolaget og Vinmonopolet staðið fyrir fjölda úttekta á vegum alþjóðlegra úttektaraðila í samstarfi við amfori. Úttektirnar byggja á því að meta framleiðendur og/eða ræktendar á grundvelli siðareglanna og gera áætlun til úrbóta ef þörf er á. Á undanförnum árum hefur samstarfið við amfori aukist mikið bæði á sviði námskeiða fyrir framleiðendur og aðra hagsmunaaðila, en einnig á sviði rannsókna.

Vörual

Vörual Vínbúðanna byggir á reglugerð um vörual, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (nr.1106/2015) með síðari breytingum. Í grunninn ræðst vörvalið af eftirspurn viðskiptavina. Vörual byggir á þremur megin söluflokkum, kjarna, reynslu og sérflokki. Auk þess eru smærri tímabundnir flokkar sem tengjast ákveðnum árstíðum eða tímabilum, svo sem þorra, sumri og jólum. Kjarni er megin söluflokkurinn og myndar grunn að vörvali hverrar Vínbúðar. Vörual í kjarna er endurmetið þrisvar á ári, í febrúar, júní og október.

Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum og fær dreifingu í fjórar Vínbúðir við upphaf sölu. Ef reynsluvara nær tilteknum viðmiðum í sölu færst hún í kjarna og verður þar með fánleg í fleiri Vínbúðum.

Sérflokki er ætlað að mæta eftirspurn viðskiptavina og bjóða vöruúral sem byggir á fjölbreytni og gæðum og styður stefnuna um að veita framúrskarandi þjónustu.

4.813

vörur í vörvali

75%


viðskiptavina ánægðir
með vörvalið

1.435


nýjar vörur í
reynslusölu á árinu

Vínbúðum er skipt í stærðarflokka eftir fjölda vörutegunda í vörvali Vínbúðarinnar. Alls eru flokkarnir níu. Í minnsta flokknunum K1 eru að lágmarki 100 vörur í grunnvörvali, í þeim stærsta K9 eru að lágmarki 1.500 vörur. Vörval minnstu Vínbúðanna er þó nær því að vera 200 vörur í heildina. Viðskiptavinir geta nálgast allar vörur í vörvali í Vínbúðinni Heiðrúnu eða rúmlega 3000 vörur. Þær er sérstakur kælir fyrir fágætari rauðvín og hvítvín í hærri gæðaflokkum. Viðskiptavinir nýta sér í auknu mæli að geta pantað vörur í vefbúð og fá þær afhentar í Vínbúð og á völdum afhendingarstöðum eða sækja í afgreiðslu dreifingarmiðstöðvar á Stuðlahálsi. Þegar litið er á hlutdeild Vínbúða í heildarsölu þá hafa K1 - K5 Vínbúðir, vefbúð og veisluvín um 22% hlutdeild af heildarsölu Vínbúða. Hins vegar ef horft er til fjölda Vínbúða þá eru 35 af 51 Vínbúð í K1 - K5, eða 69%.

MARKAÐSHLUTDEILD VÍNBÚÐAFLOKKA Í HEILDARSÖLU VÍNBÚÐA



VÍNBÚÐIR FLOKKAÐAR EFTIR STÆRD



Sérstakar áherslur í vörvali

ÁTVR leggur áherslu á að bjóða vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélag og umhverfi. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að auka fjölbreytni á sjálfbært vottuðum vörum s.s. lífrænt. Rannsóknir sýna að lífræn ræktun bindur meira kolefni en önnur ræktun og stuðlar að sjálfbærni. Viðskiptavinir geta með auðveldum hætti leitað á www.vinbudin.is að sjálfbærum kostum eins og lífrænu, bíódínámsku og sanngjarni framleiðslu.



Gæðaeftirlit vöru

Allar vörur fara í gegnum skoðun og gæðaeftirlit áður en þær eru samþykktar í sölu. Það er gert til að tryggja að þær uppfylli formskilyrði laga og reglna. Skynmat er partur af gæðaeftirliti en auk þess er vín mælt í sérhæfðu mælitæki þar sem mælt er alkóhólinnihald, sykur, súlfít, sýra og fleiri þættir sem gagnast við gæðaeftirlit. Á árinu voru framkvæmdar 2.125 mælingar. Flestar mælingar staðfestu réttar merkingar. Í 83 tilvikum eða 3,9 % fundust frávik frá uppgefnu alkóhólmagni. Brugðist er við ef frávik eru fyrir utan skilgreind viðmiðunarmörk.

Vörugæði og neysluöryggi eru meginstoðir í ábyrgri starfsemi ÁTVR. Fjöldi skilaðra eininga á árinu voru 3.461 sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Flest vöruskil má rekja til korkskemmda. Af hverjum 100 þúsund seldom einingum voru um sex skilað. Fjöldi innkallana á árinu voru 18. Helstu orsakir voru frávik í gæðum.

MANNAUDUR

Frábært starfsfólk

Frábært starfsfólk er grunnur að góðum árangri. Við viljum eftirsóknarverðan vinnustað þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu.



100
1922-2022
VÍNBÚÐIN

MANNAUDUR

Ánægt starfsfólk

Áhersla er lögð á að vinnustaðurinn sé eftirsóknarverður, þar ríki góður starfsandi og allt starfsfólk leggi sig fram um að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Gildin Lipurð, Þekking og Ábyrgð endurspeglar þær áherslur og skapa grunn að góðum vinnustað. Á árinu voru gerðar fjórar styttir vinnustaðagreiningar til að mæla starfsánægju. Þegar horft er á heildarniðurstöður þessara fjögurra kannana þá er niðurstaðan á bilinu 4,20 - 4,47 af 5 mögulegum, sem er frábær árangur.

4,32

Á heildina litið er ég
ánægð/ur í starfi mínu
- einkunn 4,32 af 5
mögulegum



Stofnun ársins er samræmd könnun stofnana í eigu ríkisins. Könnunin mælir starfsánægju auk fjölmargra annarra þátta sem snúa að stjórnun og starfsumhverfi. Könnunin var að þessu sinni framkvæmd í nóvember og desember 2022. Könnunin er unnin af Gallup og er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra stofnana. Í tilviki ÁTVR er öllu starfsfólk boðið að taka þátt óháð stéttarfélagi. ÁTVR var í öðru sæti stórra stofnana, með 90 starfsmenn eða fleiri, með heildareinkunnina 4,36. ÁTVR hækkaði um þrjú sæti á milli mælinga, var árið 2021 með einkunnina 4,22 í fimmtra sæti. Til samanburðar er heildareinkunn stórra stofnana 3,93.

Við upphaf starfs er öllu starfsfólki kynntar siðareglur. Þeim er ætlað að skerpa á ábyrgð starfsfólks og undirstrika mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar njóti sanngirni og jafnræðis. Til að gera starfsfólki kleift að sinna starfi sínu sem best er mikil áhersla lögð á að veita sem bestar upplýsingar. Samskiptavefurinn Workplace er nýttur til að miðla upplýsingum um mál sem snúa að rekstri og félagslegum þáttum. Aukin áhersla er á þáttöku starfsfólks í fræðslu, viðburðum og fundum með betra aðgengi starfsstöðva að fjarfundarbúnaði.

MANNAUDUR

Góð heilsa


ÁTVR hefur velferð og heilsu starfsfólks að leiðarljósi.

Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu og vellíðan með margvíslegum hætti. Boðið er upp á styrki og fræðslu og hvatt er til þáttöku í vinnustaðakeppnum. Starfsfólki er boðið að gera samgöngusamninga eftir árstíðum, sumar og vetur. Fleiri óska eftir samningi yfir sumartímann. Markmið samninganna er í meginatriðum tvíþætt: að auka hreyfingu og minnka umhverfisáhrif. Starfsfólk sem gerir samgöngusamning skuldbindur sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti meirihluta vikunnar. Á undanförnum árum hefur notkun á vistvænum bílum aukist og er hleðslustöðvum á Stuðlahálsi ætlað að styðja við orkuskipti í samgöngum.

Árlega er gerð könnun á meðal starfsfólks þar sem spurt er út í ýmsa þætti tengda samgöngusamningum og ferðamáta. Af þeim sem tóku afstöðu voru 77% ánægðir með samninginn og 85% telja hann hafa jákvæð áhrif á heilsu. Þegar spurt er um ferðamáta til og frá vinnu þá koma tæplega 40% á jarðefnabíl, 25% koma fótgangandi og þar á eftir eru reiðhjól en 11% koma hjólandi. Þeir sem hjóla eru ánægðastir með ferðamáta sinn en minnst ánægja er með strætó sem ferðamáta.



FARARTÆKI SUMAR - FYRSTI KOSTUR



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um Sjálfbæra þróun, sjálfbærar borgir og samfélög númer 11, Heilsa og vellíðan númer 3, og Aðgerðir í loftslagsmálum númer 13 fléttast inn í samgöngumálin. Það leiðir af sér minna svifryk, minni útblástur, minni gatnaskemmdir, styttri umferðartíma og betri andlega og líkamlega heilsu.

Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna eru skemmtilegar keppnir sem efla liðsheild og hvetja fólk til hreyfingar. Almennt er mjög góð þátttaka í Lífshlaupinu og hefur fyrirtækið verið í einu af efstu sætunum í sínum flokki. Færri taka þátt í Hjólað í vinnuna en reynt er að hvetja fólk til að vera með og byrja hjólasumarið með þátttöku.

Starfsfólk er boðið upp á heilsufarsskoðun þar sem mældur er blóðþrýstingur, kólesteról og blóðsykur, auk þess er boðið upp á viðtol þar sem lögð er áhersla á umræðu um álag og streitu.

Til að stuðla að sjálfbærni og geta boðið upp á hollan og næringarríkan mat var haldið áfram með matjurtagarð á lóðinni á Stuðlahálsi. Í garðinum voru ræktaðar ýmsar tegundir: rabarbari, rifsber, kryddjurtir, kartöflur, grænkál og jarðarber. Mikil ánægja var með uppskeruna og er markmiðið að halda áfram með ræktunina.

MANNAUÐUR

Mannauður - greining og tölur

Í árslok voru 480 starfsmenn á launaskrá. Konur eru fleiri í starfsmannahópnum eða 264 á móti 215 körlum, einn er með hlutlaust kyn. Ráðningaráformin eru tvö. Fastráðning sem getur bæði verið fullt starf og hlutastarf, og tímavinna.

Tímavinnustarfsfólk vinnur almennt á álagstínum seinni hluta vikunnar, í sumarafleysingum og um jól.

Á árinu fengu 650 starfsmenn greidd laun. Ársverk voru 329 og fækkaði um 13 á milli ára. Meðalaldur starfsfólks er rúmlega 38 ár og starfsaldur að meðaltali 5,8 ár. Ef litið er til ráðningaráforms þá er meðalaldur fastráðinna starfsmanna tæplega 44 ár og meðal starfsaldur rúmlega 11 ár. Starfsfólk sem vinnur í tímavinnu er með tæplega 34 ára meðalaldur og starfsaldurinn er í kringum 2,8 ár.

Starfsmannavelta fyrirtækisins í heild var 33%. Meiri starfsmannavelta er hjá tímavinnufólk en í hópi fastráðinna.

Alls töku 19 starfsmenn fæðingarorlof árið 2022, níu karlar og tíu konur. Átta karlmenn hafa snúið aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi, einn er í orlofi og einn hefur látið af störfum. Fjórar konur eru enn í fæðingarorlofi, tvær hafa látið af störfum og fjórar eru komnar aftur til starfa.




650

fengu greidd laun árið 2021

329

ársverk voru unnin árið 2021

Allt starfsfólk ÁTVR



MANNAUDUR

Slys og fjarvistir vegna veikinda

Markmiðið er að halda vinnustaðnum öruggum og slysalau sum. Það náðist ekki í ár. Alls voru skráð sex slys, þrír karlar og tvær konur slösuðust á vinnustað og ein kona slasaðist á leið til eða frá vinnu.

Í viðverukerfi er haldið utan um fjarveru starfsfólks vegna veikinda og veikinda barna. Fjarveru vegna veikinda er skipt í langtíma- og skammtímafjarveru.

Skammtímafjarvera vegna veikinda er skilgreind allt að tvær vikur og langtímafjarvera er fjarvera lengri en tvær vikur samfellt. Skammtímafjarvera vegna veikinda og veikinda barna var alls 3,9% á árinu og hækkaði úr 3,1% á milli ára.

Fræðsla og starfsþróun

Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu. Vöruprekking er þungamiðja fræðslunnar. Á árinu er fræðslan smám saman að nálgast fyrra horf eftir heimsfaraldur. Samtals voru fræðslustundir 6.502 umreiknað í 20 stundir á stöðugildi og jókst um 7 stundir á stöðugildi á milli ára.



Fræðsla

Fræðsluflokkar	Starfsfólk	Konur	Karlar	Tímar alls	Meðalfjöldi á stöðugildi
Vöruprekking	2.969	62%	38%	5.142	15,6
Önnur fræðsla, góð heilsa og lífsleikni	898	67%	33%	898	2,73
Stjórnendaþjálfun	66	67%	33%	99	0,30
Nýliðafræðsla	61	64%	36%	183	0,56
Skyndihjálparnámskeið	45	80%	20%	180	0,55
Samtals námskeiðsstundir	6.502			20	

Í þjónustukönnunum eru viðskiptavinir spurðir um afstöðu til þekkingar starfsfólks. 77% telja starfsfólk Vínþúðanna búa yfir mjög eða frekar mikilli þekkingu. Eingöngu 3% telja þekkinguna mjög eða frekar litla.

Starfsmannasamtöl eru hluti af endurgjöf og starfsþróun. Öllu starfsfólk er að lágmarki boðið upp á tvö samtöl á ári. Samtölunum er ætlað að gefa starfsmanni og stjórnanda færri á að ræða líðan í starfi, verkefni og samskipti. Markmið samtalanna er jafnframt að leita leiða til úrbóta þar sem þörf er á.

Kjarasamningar

Öll starfsemi ÁTVR er á Íslandi og því er ekki talin hætta á að brotið sé á réttindum starfsmanna varðandi samningsrétt eða þátttöku í stéttarfélögum.

ÁTVR virðir mannréttindi og fylgir lögum og reglum sem gilda um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisins, gerir kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög. Starfsfólk fær greidd laun í samræmi við kjarasamninga, fyrir utan forstjóra en laun hans eru ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðherra. Gerðir hafa verið stofnana samningar um nánari útfærslur kjarasamnings við annars vegar Sameyki og hins vegar einstök félög háskólamenntaðra starfsmanna. Allt starfsfólk er í stéttarfélagi.

Starfsfólk undir 20 ára aldri er ekki ráðið til starfa. Ástæðan er sú að viðskiptavinir þurfa að hafa náð 20 ára aldri til að mega versla í Vínþúðum.

Starfsfólk er ýmist ráðið tímabundið eða fastráðið. Uppsagnafrestur starfsfólks er samkvæmt viðeigandi kjarasamningum. Hann er ólíkur eftir ráðningaráformi, einn mánuður hjá tímavinnustarfsfólk en að lágmarki þrír mánuðir fyrir fastráðna.

Starfsfólk sem ráðið var til starfa fyrir gildistöku starfsmannalauganna sem sett voru í júní 1996, getur átt rétt til biðlauna ef starf þeirra verður lagt niður.

Jafnlaunavottun

ÁTVR hefur sett sér jafnlaunastefnu og birt jafnréttisáætlun. Markmið jafnlaunastefnu er að allt starfsfólk hljóti jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni, þjóðerni eða öðrum örökstuddum þáttum. Jafnréttisáætlun er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu þeirra og virðingu. ÁTVR leggur áherslu á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða búsetu. Jafnréttisáætlun ÁTVR byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynja.

Eftir innleiðingu á jafnlaunastaðlinum ÍST85:2012 haustið 2018, hlaut ÁTVR jafnlaunavottun til þriggja ára frá BSI á Íslandi og í framhaldi heimild til að nota jafnlaunamerki Jafnréttisstofu. Jafnlaunavottunin var endurnýjuð haustið 2021. Með vottun felst jafnframt skuldbinding til að vinna að stöðugum umbótum, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við frávikum sem upp kunna að koma.



JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

Ábyrgir starfshættir

Fagmennska, hagkvæmni og ábyrg vinnubrögð einkenna starfsemina. Lögð er áhersla á mælanleg markmið til að tryggja árangur á öllum svíðum. Við fylgjumst með og tileinkum okkur nýjungar til framfara.




Samfélagsleg ábyrgð hjá ÁTVR

2013	GRI	<ul style="list-style-type: none"> Ársskýrla 2012 í samræmi við GRI sjálfbærnvísá - G3.1 Endurtekið CSR sjálfsmat Jafnlaunavottun ÁTVR aðili að Festu 	2014		<ul style="list-style-type: none"> Árangursmælingar endurmetnar Aukið úrval fjölnota poka Ársskýrla 2013 í samræmi við GRI sjálfbærnvísá - G4
2015	G4	<ul style="list-style-type: none"> Ársskýrla 2014 í samræmi við GRI sjálfbærnvísá - G4 	2016		<ul style="list-style-type: none"> Þátttaka í Loftslagsfyrlysingu Festu og Reykjavíkurborgar Ársskýrla gefin út á rafrænu formi Jafnlaunavottun Kuðungurinn
2017		<ul style="list-style-type: none"> Græn skref í ríksrekstri innleidd í allt fyrirtækið Könnun á samfélagsábyrgð 	2018		<ul style="list-style-type: none"> Jafnlaunavottun ÍST 85:2012 ÁTVR tilnefnt til loftslags-verðlauna Reykjavíkurborgar
2019		<ul style="list-style-type: none"> Áætlað kolefnisspor umbúða birt á vinbudin.is 	2020		<ul style="list-style-type: none"> Norræn ráðstefna um vatn og mannréttindi Sölu plastpoka hætt Jafnlaunavottun endurnýjuð
2021		<ul style="list-style-type: none"> Sölu einnota burðarpoka hætt Jafnlaunavottun 2021-2024 	2022		<ul style="list-style-type: none"> Vegvísir í loftlagsmálum Vegvísir í samfélagsmálum Staðfesting á ófjárhagslegum upplýsingum

Skilríkjaeftirlit

Einn af mikilvægustu þáttum samfélagslegrar ábyrgðar er að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Starfsfólk er uppálagt og þjálfað í að spyrja unga viðskiptavini um skilríki. Til að efla starfþólk í skilríkjaeftirliti eru framkvæmdar hulduheimsóknir. Viðskiptavinir á aldrinum 20 – 24 ára versla í Vínbúðunum og skila niðurstöðum til rannsóknaraðila hvort viðkomandi hafi þurft að framvísa skilríkjum. Hulduheimsóknir eru framkvæmdar í öllum Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu og einnig á Selfossi, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Að jafnaði eru þrjár til fimm heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð. Árangur hulduheimsókna var 83% en markmiðið er að árangurinn sé 90%.



Grænt bókhald

ÁTVR heldur grænt bókhald, er þáttakandi og skilar inn tölu í Vistvæn innkaup (VINN). Vistvæn innkaup eru samstarfsvertvangur opinberra aðila en markmið verkefnisins er að stuðla að vistvænum innkaupum og þar með grænum ríkisrekstri. Græn skref er leið fyrir opinbera aðila að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlisum. Skrefin eru fimm og fæst viðurkenning frá Umhverfisstofnun eftir hvert skref. Allar Vínbúðir, auk höfuðstöðva og dreifingarmiðstöðvar, hafa innleitt skrefin fimm.



	2021	2022	Markmið 2022	
Prentun				
Skrifstofupappír	3,6	3,8	4,5	kg/stg.
Prentun umhverfisvottuð	100%	100%	100%	hlutfall
Einnota vörur				
Pappamál	88	64	5	stk/stg.
Ræstiefni				
Sólar ehf	100%	100%	100%	hlutfall
Ræstivörur	93%	88%	90%	hlutfall
Umbúðir				
Seldir plastpokar	0	0	0	stk./Mltr.
Strekkifilma	468	503	450	kg/Mltr.
Niðurbrjótanlegir burðarpokar	25.816	0	*	stk/Mltr.
Margnota burðarpokar	2.998	8.791	*	stk/Mltr.

Aðkeypt ræsting fyrir skrifstofu og dreifingarmiðstöð er frá Sólar ehf, Svansvottuðu ræstingarfyrirtæki. Í Vínbúðunum sér starfsfólk um ræstingar. Alls voru 88% af ræstiefnunum umhverfisvottuð.

Umbúðir

Aðfangakeðjan og endurvinnsla skiptir ÁTVR miklu máli.

ÁTVR er einn af stofnendum Endurvinnslunnar hf. og hluthafi. Hlutverk Endurvinnslunnar hf. er meðhöndlun allra einnota drykkjavörumbúða á Íslandi. Á árinu greiddi Endurvinnslan út 3.550 milljónir í skilagjald. Skil á drykkjavörumbúðum var 89% af seldum umbúðum.

Á árinu voru tæplega 54 milljón einingar seldar í Vínbúðunum.

Niðurstaða lífsferilsgreiningar á vörusafni sem ÁTVR vann ásamt áfengiseinkasölunum á Norðurlöndum, sýndi að mestu umhverfisáhrifin voru af umbúðum. Þar komu glerumbúðir verst út, því næst var eldsneytisnotkun í vínrækt og briðji þátturinn var orkunotkun í verksmiðjum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð á kolefnisspori umbúða g/L af CO₂.

SAMANBURÐUR Á KOLEFNISSPORI UMBÚÐA g/I AF CO₂

VENJULEGT GLER
0,75 l / 540 g



675

g CO₂ e/l

LÉTTGLER
0,75 l / 420 g



525

PLAST
0,5 l / 25 g



167

ÁLDÓS*
0,5 l / 16 g



153

POKI
1,5 l



96

FERNA
1 l



KASSI
3 l



70


* Hér byggist útreikningurinn á upplýsingum úr annarri gagnaveitu.

Til upplýsinga fyrir viðskiptavini þá eru birtar á vöruspjaldi allra léttvínstegunda á www.vinbudin.is, þyngd umbúðanna og áætlað kolefnisspori þeirra. Þyngd glersins skiptir mestu máli þegar kemur að kolefnisspori glerumbúða. Áhersla hefur verið lögð á að framleiðendur noti léttgler, það er léttara en 420 g, sérstaklega fyrir vörur sem framleiddar eru í miklu magni. Í vörusafni eru vín í 750 ml glerflöskum; rauðvín, hvítvín og rósavín, í léttgleri sem er 34% miðað við selda lítra. Markmiðið er að hlutfallið verði 45%. Heildarlosun frá umbúðum var 7.235 tonn og minnkaði um 13%. Markmiðið er að minnka kolefnissporið um 50% árið 2030 miðað við viðmiðunarárið 2020.




LOSUN CO₂ FRÁ UMBÚÐUM

Tonn



HEILDARLOSUN UMBÚÐA


Tonn CO₂ á milljónir seldra lítra



Markmiðið er að draga úr losun um 7% árlega miðað við selta lítra, meðal annars með fjölgun söluhárra tegunda í léttgleri. Auk þess má búast við að aukning verði á framboði vína í öðrum gerðum umbúða sem hafa minni umhverfisáhrif en gler.


Hlutfallið á milli losunar á selta milljón lítra á milli ára fór úr 314 í 299 (tCO₂/milljón lítra) eða lækkaði um 5%. Hlutfall bjórs í álumbúðum jókst, fór úr 89,6% í 91,5%.

UMBÚÐIR - TCO₂/MLTR




Til að ná markmiði um 50% samdrátt í kolefnislosun umbúða og stefna á Parísarsamkomulagið um 1,5 gráðu hlýnun, þarf að ná 7% árangri á hverju ári.


FJÖLDI EININGA EFTIR UMBÚÐUM 2020 - 2022



SKIL EFTIR TEGUNDUM UMBÚÐA HJÁ ENDURVINNSSLUNNI



HLUTFALL ÁLDÓSA



Fyrir hverja 1% aukningu álumbúða minnkar losun um tæp 100 tCO₂, sé miðað við sölu 2022.

Orkunotkun

Briðjungur raforkunotkunar fyrirtækisins er á Stuðlahálsi þar sem höfuðstöðvar, dreifingarmiðstöð og Vínþúðin Heiðrún eru. Sérstakt hússtjórナーfi er notað til að vakta hita og rafmagnsnotkun og stýra álagi. Í grænu skorkorti eru sett markmið og fylgst með orkunotkun. Til einföldunar er notkunin umreiknuð í meðal heimilisnotkun og markmið og mælingar miðast við hana. Rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi var sambærileg notkun 114 heimila (569.404 kWst) og lækkaði um 6% milli ára. Alls eru 22 hleðslustöðvar fyrir rafbíla á líðinni. Fyrirsjáanlegt er að raforkunotkun muni aukast með stefnu um orkuskipti í samgöngum. Áfram verður unnið að því að setja upp LED ljós í byggingar.

Heitt vatn samsvaraði notkun 91 heimila (56.239 m³) og hækkaði um 8% á milli ára. Ástæða fyrir breytingunni er óhagstætt veðurfar.


Orkunotkun Stuðlahálsi

	2021	2022	Markmið 2022	Mism. 21/22	CO2 [tonn]	Útreikningar
Rafmagn	121	114	135	-6%	5,9	Heimili (5,0 Mwst.pr.ár)
Heitt vatn	49	62	60	27%	0,0	Heimili (573,3 m ³)
Heitt vatn - snjóbræðsla	42	37	42	-12%	0,0	Heimili (573,3 m ³)

Rafmagnsnotkun Vínbúða

ÁTVR þekkir til fulls rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi og á 9.678 fermetrum Vínbúða (31) eða um 66% heildarfermetrafjölda. Almenn raforkunotkun var 804 MWst á þessum fermetrum. ÁTVR hefur ekki fullnægjandi vitnesku um rafmagnsnotkun í leiguþúsnaði þar sem rafmagn er hluti af leiguverði. Þekkt rafmagnsnotkun er tæplega 1,4 GWst. Það er aukning um 1% frá fyrra ári.

Umreiknað miðað við heildarfermetrafjölda húsnæðis er áætluð almenn notkun rafmagns tæplega 1,8 GWst á ári. Útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar raforku er áætlaður 18 tonn CO₂.



Heitt vatn - m³


Vitneskja um heitavatnsnotkun er sömu takmörkunum háð og vitneskja um rafmagnsnotkun. ÁTVR þekkir til fulls heitavatnsnotkun á Stuðlahálsi og 8.143 fermetrum Vínbúða (23) eða um 59% af heildarfermetrafjölda. Heitavatnsnotkunin var 41.587 m³ fyrir þessa fermetra.

Heildarnotkun er áætluð 131.453 m³ sem gerir um 5,5 rúmmetra á hvern fermetra Vínbúða. Það er hækkan um 15% frá fyrra ári. Helsta ástæðan er kului í upphafi og lok árs.

Losun vegna rafmagnsframleiðslu er vegið meðaltal losunar frá orkuframleiðslu með jarðeldsneyti, vatnsafl og jarðvarma fyrir síðustu ár, 10,3 g CO₂/kWst. Þar sem haldið er utan um alla losun frá jarðvarma í einni tölu, það er vegna framleiðslu bæði rafmagns og heits vatns, er losunarstuðull fyrir heitt vatn 0.

(Umhverfisstofnun 2022)

Langstærsti hluti raforkunnar er keyptur af Orkusölunni sem gefur út og afskráir upprunaábyrgðir til samræmis við reglugerð nr. 757/2012. Ekki er fjallað um „market based“ notkun.



Raforka og heitt vatn - Allt fyrirtækið

	2021	2022	Eining	Mismunur 21/22	Útreikningar
Áætluð heildar almenn raforkunotkun	1.686	1.792	MWst	6%	
Losunarstuðull raforku	10,5	10,3	g/kWst	-2%	Umhverfisstofnun 2022
Kolefnisspor raforku	17,7	18,5	CO2 tonn	4%	
Vínbúðir - Almenn raforkunotkun	80	83	kWst/m2	4%	

Í allri starfsemi ÁTVR er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fléttast inn í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 7, Sjálfbær orka, og númer 13, Aðgerðir í loftslagsmálum.


Markvisst er unnið að innleiðingu LED lýsinga í viðhaldi Vínbúða og á Stuðlahálsi. Almenn raforkunotkun á fermetra í Vínbúðum hækkaði á milli ára, fór úr 80 kWst/fm í 83 kWst/fm.

SAMFÉLAGIÐ

Líffræðilegur fjölbreytileiki

ÁTVR leggur áherslu á að bjóða vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélag og umhverfi. Stefnan er að sérmerkja vörur sem sjálfbært val í Vínbúðunum. Sjálfbært val er yfirflokkur yfir vottaðar vörur. Í honum eru lífrænt ræktarðar vörur, lífefldar, sjálfbær vottun og sanngjörn framleiðsla. Einnig vistvænar umbúðir s.s. álumbúðir, plast og pappír.

VOTTANIR ÞRIÐJA AÐILA - % AF VÖRUSAFNI 2022



Ábyrgt vottaðar vörur eru öflug vörn gegn grænþvotti.

Þegar hafa 34 vottanir fengið viðurkennda vottun hjá NAM og sér Intertek í Svíþjóð um að meta viðmiðin til að komast í viðurkennda hópinn. Í viðmiðum er ræktun og framleiðsla í umhverfismálum, mannréttindi og stjórnarhættir skoðaðir.

Hlutfall sjálfbærs vals er 9,6% af vörunúmerum vörusafns en 2,6% sé miðað við lítra.

Í stefnuvísi NAM til 2030 er markmið að meirihluti vörusafnsins sé með faggilda vottun af óháðum þriðja aðila. Það er langt í land að ná því markmiði. Í stefnunni er markmið að hvetja viðskiptavini til að velja frekar vottaðar vörur.


Rannsókn sem unnin var af Ecogain AB sem hluti af umhverfissamstarfi norrænu áfengiseinkasalanna sýnir að lífrænir og lífefldir búskaparhættir stuðla betur að líffræðilegum fjölbreytileika og jarðvegsheilbrigði en hefðbundinn búskapur.

Loftslagsmál og loftslagsbókhald

ÁTVR hefur sett sér loftslagsmarkmið til ársins 2030 í samræmi við skuldbindingar í samstarfsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í meginatriðum fela loftslagsmarkmiðin í sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, innleiða sjálfbærni, mæla árangur og gefa reglulega út upplýsingar um stöðuna. Umhverfisstjórnun byggir meðal annars á mælingum þar sem notast er við grænt skorkort og GRI staðal (Global Reporting Initiative) við skrásetningu margvíslegra aðgerða í þágu samfélagsins.

Á línlárinu hér fyrir neðan eru loftslagsmarkmið ÁTVR til ársins 2030. Markmiðið er að draga úr beinni losun um 40% miðað við árið 2016 og ná markmiðum Parísarsáttmálans um að hlýnun verði undir 1,5 gráðum.

Græni flöturinn sýnir losun fólksbíla, guli er losun vörubilutningabíla, svart er losun sendibifreiða og ljósgræni liturinn efst losun kælimiðla. Appelsínugula línan er rauntala hvers árs sem liðið er.



Komið er til móts við alla beina losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði og SoGreen.



Kolviður býður upp á kolefnisbindingu með skógrækt með óvottuðum kolefniseiningum sem eru ekki kolefnisjöfnun og flokkast því sem styrkur til kolefnisverkefna. ÁTVR keypti 104 kolefniseiningar hjá Kolviði sem munu bindast á næstu 50 árum.

SoGreen er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem er að hefja framleiðslu nýrra tegunda kolefniseininga á heimsvísu: Kolefniseininga sem myndast með því að tryggja stúlkum í tekju lágum ríkjum menntun. Kolefniseiningarnar myndast við þá forðun í losun gróðurhúsalofttegunda sem verður þegar stúlkum er tryggð menntun. Menntun er ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fyrirbyggja hjónabönd barna og þungun táningsstúlkna. Með því að mennta börn í fátækum samfélögum er hægt að vinna gegn fólksfjölgun og þannig um leið efla einn þáttinn í baráttunni við loftslagsvá.

ÁTVR keypti 50 kolefniseiningar hjá SoGreen og verður í samstarfi við fyrirtækið næstu 5 árin. Þegar þær einingar sem Vínbúðin hefur fjárfest í verða virkar og vottaðar einingar munu þær vera taldar fram á móti losun Vínbúðarinnar.

ÁTVR dreifði áhættu með því að kaupa kolefniseiningar hjá Votlendissjóði og kolefnisjafna allt flug. Votlendissjóður gerði hlé á starfsemi sinni og því bættust þessar einingar við Kolvið.

Losun

ÁTVR gerir sér grein fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Með því að skrifa undir yfirlýsingum um loftlagsmál skuldbindur fyrirtækið sig til að draga úr losun í starfsemi sinni. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 13, Verndun jarðarinnar, er hér í öндvegi.

Allur beinn útblástur er kolefnisjafnaður. Hann er 141 tonn og flug 13 tonn í losunarsviði 3, alls 154 tonn.


Helstu umhverfisáhrifum vegna vörudreifingar má skipta í tvennt. Annars vegar losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og hins vegar slit á vegum.

Langtíma markmið ÁTVR er að draga úr notkun jarðefnknúinna bifreiða. Stefnt er að því að útblástur minnki um 40% fyrir árið 2030.

Á vef Vínbúðanna má finna nánari upplýsingar um stöðu loftlagsmála, tölurnar uppfærast reglulega. Stefna ÁTVR er að vera fyrirmund í samfélagslegri ábyrgð og mynda jákvætt kolefnisspor sem styður náttúruna.

Gerð var loftslagsstefna og aðgerðaráætlun í loftlagsmálum sem tók gildi 1. janúar 2022. Allar stofnanir ríkisins og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins þurfa að setja sér loftslagsstefnu.

Allur
beinn útblástur er
kolefnisjafnaður



Losunarsvið 1 - Bein losun



Akstur

Í árslok 2022 var 51 Vínbúð í rekstri. Alls voru seldar 24,2 milljónir lítra af áfengi sem var dreift miðlægt frá dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi. Dreifingin er tvíþætt, um 80% magnsins er dreift á eigin bílum og 20% af flutningum eru boðnir út. Eigin bílar flytja vörur um höfuðborgarsvæðið, Borgarnes, Akranes, Suðurnes og Suðurland að Hvolsvelli. ÁTVR flytur tóbak á höfuðborgarsvæðinu með eigin bílum en býður út restina.

Alls voru keyptir 47.327 lítrar af díseloliú og 324 lítrar af bensíni. Með nýrri vöruflutningabílum og góðu skipulagi við útkeyrslu náðist mikil hagræðing í akstri og olíukaupum. Samdráttur í kolefnislosun var 19 tonn CO₂ á árinu.

Við útreikninga á beinni losun frá bifreiðum er haldið um olíukaup þar sem notaður er losunarstuðullinn 2,72 fyrir dísel og 2,34 fyrir bensín. Þessar tölur eru fengnar frá Losunarstuðlum Umhverfisstofnunar.

ÁTVR nýtti níu díselbíla, þrjá rafbíla og einn tengiltvinnibíl í lok árs.




Kælimiðlar

Kælar í Vínbúðum eru 16. Verið er að breyta kælimiðlum úr R404a í CO₂. Kælimiðillinn R404a var notaður í öllum kælirýmum, hann hefur ekki áhrif á ósonlagið heldur mikil gróðurhúsaáhrif. Losun af einu kg af R404a hefur sömu áhrif og 3.922 kg af koldíoxíði (1 x 3.922 GWP (e. Global Warming Potential)). Kælikefni eru lokað og engin óhöpp urðu í kælimiðlum á árinu. Í kerfunum eru 10 kg af kælimiðli. Notast er við sömu aðferð og í Danmörku þar sem áætlað er að 3% tap sé af kælimiðli á ári. Því er áætlað að 12 tonn af koldíoxíð ígildum (CO₂íg.) losni á ári. Engin breyting varð á kælikefnum á árinu. Enn eru 10 Vínbúðir með R404a kælimiðla. Verður þeim skipt út á komandi árum.



Fjárfesting til kolefnisverkefna

Bein heildarlosun er 141 tonn af CO₂ og er kolefnið bundið hjá Kolviði og forðað hjá SoGreen. Binding hjá Kolviði samsvarar því að gróðursetja 910 tré. Þau tré munu taka þátt í andardrátti Íslands um ókomin ár.



Losun á losunarsviði 1

CO₂-ígildi í tonnum

Losunarþáttur	Áhrif	2021	2022	Breyting 21/22
Eigin flutningabílar	Bein	114	105	-8%
Eigin fólksbílar	Bein	19	12	-37%
Eigin sendiferðabílar	Bein	15	12	-20%
Kælimiðlar	Bein	12	12	0%
Samtals		160	141	-12%

Losunarsvið 2 - Óbein losun

Raforku- og varmanotkun

Rafmagnsnotkun dróst saman á Stuðlahálsi en hækkaði í Vínþúðum. Losunarstuðull lækkaði á móti.

Áætlað er að notaðar hafi verið tæplega 1,8 GWst rafmagn og 131 þúsund rúmmetrar af heitu vatni fyrir allan rekstur. Áætlaður útblástur er að 18 tonn losni við framleiðslu rafmagns.

Losun vegna rafmagnsframleiðslu er vegið meðaltal losunar frá orkuframleiðslu með jarðeldsneyti, vatnsafl og jarðvarma fyrir síðustu ár, 10,3 g CO₂/kWst. Þar sem halddið er utan um alla losun frá jarðvarma í einni tölu, það er vegna framleiðslu bæði rafmagns og heits vatns, er losunarstuðull fyrir heitt vatn O. ([Umhverfisstofnun 2022](#))

1,8
GWst rafmagn fyrir
allan rekstur

Raforkunotkun

CO₂-fildi í tonnum

Losunarpáttur	Áhrif	2021	2022	Breyting 20/21
Raforkunotkun	Óbein-2	18	18	0%


Losunarsvið 3 - Óbein losun

Loftslagsmarkmið í virðiskeðjunni

Forstjórar áfengiseinkasalna á Norðurlöndum undirrituðu [stefnuvísi \(e. RoadMap\)](#) til ársins 2030. Þar er markmiðið að draga saman losun í virðiskeðjunni, losunarsviði 3 um 50%, viðmiðunarár 2020. Stefna auk þess að markmiðum Parísarsáttmálans um að hlýnun verði 1,5 gráður.

Það náðist góður árangur á árinu og fyrirtækið á réttri leið að markmiði.

VIRÐISKEÐJAN - MARKMIÐ UM 50% SAMDRÁTT Í LOSUN




7.235

tonn, heildar
kolefnisspor umbúða

Umbúðir vörusafns


Vörusafnið hefur stærsta kolefnissporið, 16.199 tCO₂íg og er 65% af heildarlosun fyrirtækisins. Árið 2014 hófst vinna við lífsferilsgreiningu á vörusafni, þá kom í ljós að umbúðir sköpuðu stærsta kolefnissporið. Í kjölfarið var farið að greina kolefnisspor umbúða og þá sást að glerumbúðir eru með stærsta sporið. Með losunarstuðlum sem komu úr greiningunni er hægt að reikna kolefnisspor umbúða. Heildar kolefnisspor umbúða er 7.235 tonn og minnkaði um 13% milli ára.

ÁTVR hefur reiknað heildar kolefnisspor rekstrarins og er það 24.256 tonn CO₂íg. Langstærsti hlutinn er í virðiskeðjunni, losunarsviði 3, eða rúm 99%. Niðurstöður sýna að fyrirtækið hefur náð utan um stærstu losunarvalda og náð að teikna stóru myndina. Skv. *Green House Gas Protocol Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions* eru 15 þættir sem taka þarf afstöðu til og er búið að uppfylla þær kröfur. Rannsóknir á fyrirtækjum í MSCI-vísítölunni sýna að 88% af losun fyrirtækja eru í virðiskeðjunni, losunarsviði 3 og 98% í smásölu.



Framleiðsla á drykkjum og umbúðum þeirra veldur mestu losuninni.

Framleiðsla á drykkjum stendur fyrir stærsta hluta kolefnissporsins, 36% (8.964 tCO₂íg). Næstmeista losunin stafar af framleiðslu drykkjarvöruumbúða 29% (7.235 tCO₂íg) og millilandaflutningar á sjó og landi, 19%, (4.793 tCO₂íg).



Útreikningar eru unnir úr **lífssferilsgreiningu** sem gerð var fyrir vörusafnið af 2.-O LCA consultants, lífsferli umbúða frá finnska fyrirtækinu Gaia og niðurstöðu kolefnisútreikninga Alko.

Í drykkjarframleiðslu á umbúðaframleiðsla 45%. Önnur losun skiptist í landbúnað og landnotkun (17%), framleiðsla og geymsla (37%), millilandaflutningar (2%), smásala (8%) og neysla á drykkjavarörum (9%). Við lok endingartíma dragast 18% frá losun vegna skila á umbúðum.

Súluritið hér fyrir neðan sýnir hvernig skiptingin er milli vöruflokka.



Útreikningar byggðir á töflu 23 í lífsferilsgreiningu *Environmental impact of alcoholic beverages* frá 2016.

Flutningur vöru

Umfang aksturs þriðja aðila vegna dreifingar áfengis á landsbyggðinni er rúmlega 4,8 milljónir lítra, 200 tonn af CO₂. Það eru 20% af seldu heildarmagni áfengis. Miðað er við rauntölur kolefnisspors frá Samskipum 93,6 g/tonnkm.


Flug starfsfólks

Starfsfólk flaug sautján ferðir til og frá Íslandi á árinu 2022. Samkvæmt reiknilíkani ICAO þá er losun þessara ferða samtals 6 tonn af CO₂. Í innanlandsflugi voru farnar samtals 87 ferðir, flestar til Akureyrar. Samkvæmt reiknilíkanu var losun samtals 7 tonn CO₂. Þó flug falli undir óbein áhrif er komið til móts við þá losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði, alls 13 tonn.

Ferðavenjur til og frá vinnu

Könnun á ferðavenjum starfsfólks til og frá vinnu var endurtekin. Niðurstaðan var að 102 tonn af CO₂ losna út í andrúmsloftið vegna samgangna starfsfólks.

Niðurstaða ársins er verri en fyrri ára sem skýrist meðal annars af því að meðalvegalengd frá vinnustað hækkaði í 7,1 km og meiri mengun kemur frá einkabílum, fór úr 107 g/km í 117 g/km. Einnig fækkaði samgöngusamningum við starfsfólk.



Haldið verður áfram að hvetja starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta og hefja orkuskipti á bifreiðum. Markmiðið er að ná undir 100 tonn CO₂ vegna losunar starfsfólks til og frá vinnu á næsta ári.

Urðun úrgangs

Urðaður úrgangur var um 36 tonn á síðasta ári. Endurvinnsluhlutfallið hækkaði í 88% og kolefnissporið fór í 31 tonn af CO₂. Einnig er 1 tonn í losun vegna lífræns úrgangs til jarðgerðar.

Sjóflutningur tóbaks og áfengis

Með nákvæmari losunartölum frá flutningsaðilum verða tölurnar raunhæfari. Í útreikningum var miðað við 28 g/tonnkm (var 31 g/tonnkm) frá Eimskip (kolefnisreiknir Eimskips 2022).

Sjóflutningur áfengis er 1.430 tonn af CO₂ og lækkar milli ára um 31%. Helsta skýring er 8,4% minnkun í sölu, lægri losunarstuðull og minni sala frá nýja heiminum. Sjóflutningur neftóbaks er áætlaður 9 tonn og lækkar um 31%. 24% samdráttur er í sölu neftóbaks, hráefnið kemur að stórum hluta frá Filippseyjum. Sjóflutningur reyktóbaks er 18 tonn og lækkar um 6 tonn vegna 15% samdráttar í sölu. Miðað er við flutningsleiðina Reykjavík - Portland.

Heildarlosun sjóflutninga er 1.457 tonn. Landflutningur hjá framleiðendum er áætlaður 2/3 af alþjóðlegum flutningum og er hann því 3.336 tonn. Aðgerðir sem birgjar geta gripið til að draga úr losun í landflutningi er að nýta vörulestir og fljótapramma. Hlutfallsleg tala er fengin frá Alko. Heildarlosun alþjóðaflutnings er því 4.793 tonn CO₂.

Tóbak

Ný tala sem fengin er úr lífsferilsgreiningu á tóbaki: „Cigarette Smoking: An Assessment of Tobacco's Global Environmental Footprint Across Its Entire Supply Chain“ (American Chemical Society 2018). Dæmigerð sígaretta hefur vatnsspor upp á 3,7 lítra og losun upp á 14 g CO₂íg. Heildarlosun tóbaks sem fer í gegnum heildsölu hjá ÁTVR er 2.171 tonn.

Ytri umbúðir

Vegna flutninga á vörusafni eru ytri umbúðir pappír, bretti og plast. Áætlað er að losun sé um 804 tonn af CO₂, miðað er við útreikninga frá Alko.

Aðrir losunarþættir

Undir þessum lið eru þrír losunarþættir. Aukaumbúðir, fjárfestingavörur, eldsneyti og orkutengd notkun. Aukaumbúðir eru fylgihlutir með vörum og með nýrri tilskipun um umbúðir frá Evrópusambandinu mun þrengja að þeim. Áætlað kolefnisspor er samtals 684 tonn af CO₂, tölurnar styðjast við útreikninga frá Alko.

Bílaleigubílar og leigubílar

Bílaleigan Höldur er með ISO 14001 vottun og voru flestir bílar leigðir þaðan. Alls voru keyrðir 12.429 km og losun var rúmt tonn. Leigubílar voru notaðir í 109 km og losuðu um 10 kg. Stefnan er ávallt sú að panta vistvæna leigubíla.

Loftslagsbókhald - losunarsvið 3

CO₂-fígildi í tonnum

GHGP	Losunarþáttur	2021*	2022	Breyting 21/22	Athugasemdir
1	Drykkjarvöruframleiðsla	10.237	8.964	-12%	Sala -8,4% - lífsferilsgreining
1	Framleiðsla umbúða	8.287	7.235	-13%	Sala -8,4% - auknning álumb. og box
4	Alþjóðlegur landflutningur	4.815	3.336	-31%	Alko - 2/3 landflutningur
10	Tóbaksframleiðsla	2.552	2.171	-15%	Sala -15% - 14 g CO ₂ sígretta
4	Alþjóðlegur sjóflutningur	2.100	1.457	-31%	Losunarst. Eimkip úr 31 í 28 g/tonnkm
1	Ytri umbúðir	861	804	-7%	Útr. frá Alko
2	Fastafjármunir	430	402	-7%	Útr. frá Alko
9	Innlendur vöruflutningur	248	200	-19%	Losunarst. úr 107,6 í 93,6 g/tonnkm
3	Orka ofl.	172	161	-7%	Útr. frá Alko
1	Aukaumbúðir	129	121	-7%	Útr. frá Alko
7	Starfsfólk ferðir til og frá vinnu	84	102	21%	Losun bifreiða jókst, færri samgöngus.
5	Úrgangur	66	32	-52%	Endurv.hl. úr 80% í 88%
6	Flug og leigubílar	8	14	75%	Flug kolefnisbundið, 13 tonn CO ₂
Losun GHL - samtals		29.989	24.998	-17%	
Mismunur GHL á milli ára:			-4.991	* Útreikningar uppfærðir	

GHGP stendur fyrir [-Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions \(v 1.0\)](#). Aðrir flokkar eiga ekki við.

Loftslagsbókhald - Samantekt losunarsviða

CO2- ígildi í tonnum


Losunarsvið	Áhrif	2021	2022	Breyting 21/22	Hlutfall af heildarlosun
Losunarsvið 1	Bein	160	141	-12%	1%
Losunarsvið 2	Óbein	18	18	0%	0%
Losunarsvið 3	Óbein	29.989	24.998	-17%	99%
Losun GHL - Samtals		30.167	25.157	-17%	
CO2 á milljón lítra		1.143	1.041	-9%	
CO2 á stöðugildi		88	76	-14%	

17%

minni losun í
losunarsviði 3

FJÁRFESTING TIL KOLEFNASVERKEFNA

CO2-ígildi í tonnum



Langstærsti hlutinn er í aðfangakeðjunni, losunarsviði 3, eða rúm 99%.

Úrgangur

Heildarmagn úrgangs minnkaði um 15% og flokkunarhlutfall jókst um 8% milli ára. Góður árangur náðist við að minnka magn blandaðs úrgangs en magnið minnkaði um 52% á milli ára. Umfang á gráfum úrgangi er vegna viðhaldsframkvæmda og er breytilegur á milli ára. Grófur úrgangur tengist ekki daglegum rekstri heldur tímabundnum framkvæmdum. Má þar nefna steinsteypu, innréttningar og byggingarhluta úr timbri.


Öll bretti eru sold og fara í endurnotkun. Einnig geta viðskiptavinir nýtt tóma kassa í sama tilgangi.

Íslenska Gámafélagið tók við hirðingu úrgangs á árinu og fer blandaði úrgangurinn í brennslu til orkunýtingar til Evrópu. Kolefnisspor er því lægra en losunartuðlar fyrir urðun hér á landi þar sem orkan er nýtt í stað kola til að framleiða hita og rafmagn þar. Magn blandaðs úrgangs var 2 tonn.

Megnið af plastinu sem til fellur, eða um 25 tonn, er glær plastfilma og fer í endurvinnslu til Pure North Recycling í Hveragerði. Þar með er tryggt 82% minni loftslagsáhrif af plastinu sem fellur til og skilað er til innlendar endurvinnslu.


Um mitt ár hófst vinna með birgja við að lágmarka CO₂ útblástur vegna plöstunar vörubretta hjá fyrirtækinu. Notuð er endurunni polythene plastfilma sem er þynnri og með lægra kolefnispor. Með þessu vonumst við til að minnka plastnotkun og kolefnisspor tölувert.

Eins og sést í töflunni hér að neðan flokkaði Vínbúðin til endurvinnslu 268 tonn af heildarúrganginum og náði með því 88% endurvinnsluhlutfalli. Þannig kom fyrirtækið í veg fyrir að út í andrúmsloftið losnuðu gróðurhúsalofttegundir sem jafngilda rúmlega 1.476 tonnum** af CO₂. Það samsvarar ársnotkun á 492 fólksbílum (m.v. að hver fólksbíll losi 3 tonn) eða akstri allra bifreiða ÁTVR í 11 ár.



Fjárhagslegur ávinnungur er af því að flokka úrgang. Í stað þess að greiða förgunargjald, þá er hægt að afla tekna af hráefninu og því geta legið mikil verðmæti í úrgangi ef hann er flokkaður rétt.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 12, Ábyrg neysla, er eitt af mikilvægustu markmiðum ÁTVR. Stefnt var að 94% endurvinnsluhlutfalli úrgangs sem náðist ekki. Markmiðið verður áfram 94% fyrir næsta ár. Árið 2030 verður markmiðið að ná 98% endurvinnsluhlutfalli. Innleiðing á Grænum skrefum í ríkisrekstri er mikilvægt skref til að ná þessum áfanga.



Úrgangur


TONN - vigtður úrgangur	Umhverfisáhrif	2021	2022	% breyting	CO2íg losun
Endurunnið					
Bylgjupappi **	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	242	212	-12,4	-1.422
Plastumbúðir	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	33,8	29,0	-14,2	-13
Pappír	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	6,0	4,6	-23,1	-31
Járn		7,9	8,6	9,7	
Önnur flokkun	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	8,7	7,2	-17,1	-12
Lífrænt til moltugerðar ***	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	7,7	6,2	-19,9	1
Samtals endurunnið		305,8	267,5	-12,5	-1.476
Urðað og brennt					
Blandaður úrgangur *	Jarðvegsmengun	74,1	35,7	-51,8	31
Samtals urðað og brennt		74,1	35,7	-51,8	31
Samtals endurunnið, urðað og brennt		379,9	303,2	-20,2	-1.445
Endurvinnsluhlutfall, %					
Grófur úrgangur		19,2	35,8	86,5	0
Heildarúrgangur		399	339	-15,1%	
Úrgangur - á milljón lítra [tonn]		15,1	14,0	-7,3	
Blandaður úrgangur - á milljón lítra [tonn]		2,81	1,48	-47,4	

* Blandaður úrgangur margfaldaður með stuðlinum 0,88 (áður 1,3). Losunarstuðlar Umhverfisstofnunar 2022.

** Bylgjupappi er margfaldaður með CO₂-íglidis stuðlinum 6,71, plastumbúðir með stuðlinum 0,433 og önnur flokkun með 1,6. Miðað er við að viðbótarvinna tækja sem valda útblæstri koldíoxíðs sé sambærileg hvort sem bylgjupappinn og pappírinn er fluttur á urðunarstað til urðunar eða fluttur úr landi til endurvinnslu. Metan er margfaldað með stuðlinum 25. Heimild: Guidelines for the use of LCA in the waste management sector, eftir Helgu J. Bjarnadóttur, Guðmund B. Friðriksson ofl.


*** Lífrænn úrgangur til jarðgerðar, margfaldaður með stuðlinum 0,172 - Losunarstuðlar Umhverfisstofnunnar 2022.

ENDURVINNSLUHLUTFALL



ÚRGANGUR - TIL ENDURVINNSLU

Magn í tonnum



SAMFÉLAGIÐ

Kolefnishlutleysi

Í átt að kolefnishlutleysi

Ekki er til alþjóðleg skilgreining á því hvað kolefnishlutleysi er en Ísland hefur skilgreint Kolefnishlutleysi eftirfarandi: Ástand þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því engin. (3. gr. laga um loftslagsmál nr. 70/20212)

Til að ná kolefnishlutleysi, sem íslensk stjórnvöld ætla að ná eigi síðar en árið 2040 þá þarf að mæla beina og óbeina kolefnislosun starfseminnar. Fyrirtækin þurfa að móta stefnu og gera metnaðarfulla tímasetta aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum. Draga úr beinni og óbeinni losun og sýna ábyrgð og kolefnisjafna það sem eftir stendur í beinni losun, losunarsviði 1 (LS1) með vottuðum kolefniseiningum. Sækja staðfestingu frá þriðja aðila um ofangreindar aðgerðir og birta opinberlega í staðfestri sjálfbærni skýrslu upplýsingar um framgang mála.



Skýringarmyndin sýnir leið ÁTVR að kolefnishlutleysi en Kolviður og SoGreen klára vinnu við vottaðar kolefniseininga á árinu 2023.

SAMFÉLAGIÐ

Umhverfislög og reglur

Fyrirtækið hefur hvorki fengið sektir né viðurlög vegna brota gegn umhverfislögum og -reglum.

BIRGJAR

Góð tengsl og samvinna

Við leggjum áherslu á góð tengsl og samvinnu við birgja og þjónustuaðila. Við gætum jafnræðis í samskiptum og við val og dreifingu á vörum. Óflug rafraen samskipti og birgjavefur bæta þjónustu og upplýsingaflæði.



100
1922-2022
VÍNBÚÐIN

BIRGJAR

Samskipti við birgja

Allir sem hafa leyfi til innflutnings áfengis geta sótt um að vörur þeirra fari í sölu í Vínbúðir. Áður en viðskipti geta hafist, þurfa birgjar að gera stofnsamning við ÁTVR. Samningurinn tekur til allra vörukaupa frá birgjum og veitir jafnframt aðgang að þjónustuvef. Jafnframt kveður samningurinn á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vörualval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (Nr. 1106/2015).

Á þjónustuvef hafa birgjar góða yfirsýn. Þeir geta séð stöðu umsókna, nálgast söluskýrslur og framlegðarskrá auk þess sem birtar eru almennar fréttir sem snúa að samskiptum við birgja. Árlega er framkvæmd viðhorfskönnun meðal birgja til að fá fram skoðanir þeirra á ýmsum þáttum. Þar kemur fram að 80% birgja eru ánægðir með birgjavefinn, 7% eru óánægðir.



Á heildina litið eru birgjar frekar ánægðir með þjónustuna, 66% eru mjög eða frekar ánægðir en 18% eru óánægðir. Stöðugt er leitað leiða til að bæta þjónustu við birgja og eru ábendingar í könnuninni rýndar með það að markmiði að bæta samskipti og upplýsingagjöf.

Birgjar hafa aðgang að sérstökum þjónustuvef sem er í stöðugri þróun.

80%

ánægðir með
birgjavefinn

66%

birgja ánægðir með
þjónustu ÁTVR



EIGANDINN

Styðjum samfélagslega ábyrgð

Við erum trú hlutverki okkar og framfylgjum stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu. Við styðjum samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið.



100
1922
2022



EIGANDINN

Rekstur

Stór hluti tekna ÁTVR er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum ríkissjóðs, í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 27.153 milljónum króna, en var 29.980 milljónir króna árið á undan. Greiddur var 500 milljónir króna arður í ríkissjóð.

1. janúar 2022 voru gerðar breytingar á áfengis- og tóbaksgjöldum. Áfengisgjaldið hækkaði um 2,5% á alla flokka, það er léttvín, sterkt áfengi og bjór. Tóbaksgjald hækkaði á vindlinga um 2,5% en vindla og neftóbak um 2,6%.

EIGANDINN

Hagnaður og sölutölur

Hagnaður var 877 milljónir króna, í samanburði við 1.631 milljón króna árið 2021. Rekstrartekjur ársins voru 41.125 milljónir króna. Rekstrargjöld námu 40.180 milljónir króna, þar af var vörunotkun 34.951 milljón króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.233 milljónir króna, eða 3%. Arðsemi eiginfjár á árinu var 13,3%.

Hagnaður**877**


milljónir króna

Arður til ríkissjóðs**500**

milljónir króna

Sala áfengis

Tekjur af sölu áfengis voru 32.902 milljónir króna án vsk. og minnkuðu um 7,5% milli ára. Alls voru seldir 24,1 milljón lítra af áfengi. Sala ársins var 8,4% minni í lítrum í samanburði við fyrra ár. Sala dróst saman í öllum flokkum, í léttvíni um 12,3%, í sterku áfengi um 8,1% og 7,5% í bjór.




Sala tóbaks

Tekjur af sölu tóbaks voru 8.137 milljónir króna án vsk. og minnkuðu um rúmlega 13% milli ára. Sala tóbaks dróst saman í öllum flokkum. Sala á neftóbaki var tæplega 24% minni í magni en árið á undan og sala á vindlingum (sigarettum) minnkaði um tæp 15% á milli ára.


Neftóbak
12,5
tonn sold

Sala á vindlingum
15%
samdráttur

BREYTING Á SÖLU ÁFENGIS 2021 - 2022



BREYTING Á SÖLU TÓBAKS 2021 - 2022



Framkvæmdir í Vínbúðum

Helstu framkvæmdir ársins voru að Vínbúðin á Egilsstöðum flutti í nýtt húsnæði og unnið var að viðhaldi á húsnæði Vínbúðanna á Akureyri, Seyðisfirði, Kirkjubæjarklaustri, Grundarfirði, Búðardal og Flúðum. Breytingar voru gerðar á innréttингum í Vínbúðunum í Mosfellsbæ, Stykkishólmi, Garðabæ og Selfossi. Framkvæmdir við húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi héldu áfram og hafist var handa við að undirbúa stækkun dreifingarmiðstöðvar.



Vörudreifing

Með markvissri vörustjórnun er leitað leiða til að koma vörum í hillur Vínbúðanna með sem skilvirkustum hætti. Á undanförnum árum hefur verið farið í fjölmörg verkefni til að bæta innkaup, dreifingu og vörumeðhöndlun. Í þessum verkefnum reynir á skilning allra á starfseminni og góða samvinnu. Til að einfalda vörumeðhöndlun og minnka áfyllingu vöru á opnunartíma Vínbúða hefur verið ráðið starfsfólk sem sinnir áfyllingum í stærstu Vínbúðunum að hluta til utan opnunartíma. Þetta hefur leitt af sér skilvirkara ferli flutninga og betri nýtingu flutningabila, sem leiðir um leið til minni umhverfisáhrifa. ÁTVR dreifir vörum með eigin bifreiðum á höfuðborgarsvæðið, til Akraness, Borgarness, Reykjanesbæjar, Grindavíkur og í sex Vínbúðir á Suðurlandi; Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfoss, Flúðir, Hellu og Hvolsvöll. Aðrir flutningar eru boðnir út.

Skýrsla og áritun forstjóra

Á árinu 2022 varð rekstrarumhverfið aftur eins og var á árunum fyrir covid.

Afkoma var umfram áætlun og nam hagnaður ársins 877 m.kr.

Áfengi var selt fyrir 36,5 ma.kr. með virðisaukaskatti. Í lítrum dróst sala áfengis saman um 8,4% á milli ára. Alls seldust 24.171 þús. lítrar, þar af var bjórsala 18.610 þús. lítrar.

Sala tóbaks nam 10,1 ma.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald.

Gjaldið nam 4.695 m.kr. á árinu 2022 og lækkaði um 793 m.kr. frá árinu á undan.

Sala vindlinga í magni dróst saman um 14,7%. Sala vindlinga nam 747,5 þús.

kartonum og af vindlum seldust 3.567 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 12.584 kg og var samdráttur 24% frá fyrra ári.

ÁTVR opnaði fyrsta afhendingarstað fyrir áfengi í Hrísey á árinu til reynslu.

Viðskiptavinir geta verslað í vefbúð ÁTVR og fengið vöruna afhenta þar án aukakostnaðar.

Viðskiptavinafjöldi Vínbúðanna var 5,2 milljónir sem eru 5,3% færri viðskiptavinir en árið á undan. Eignir námu 8.833 m.kr. skuldir voru 1.886 m.kr. og eigið fé nam 6.947 m.kr. í árslok 2022. Greiddur var 500 m.kr. arður í ríkissjóð.

Á árinu fengu 650 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi.

Ársverk voru 329, sem er fækkan um 13 ársverk á milli ára.

Helstu framkvæmdirir ársins voru að Vínbúðin flutti í nýtt húsnæði á Egilsstöðum og unnið var að viðhaldi á húsnæði ÁTVR á Akureyri þar sem þak var endurnýjað og lagfært. Hafnar voru framkvæmdir við Vínbúðina á Seyðisfirði þar sem endurnýja þarf lagnir. Hillum undir vörur var fjölgæð í Vínbúðunum í Mosfellsbæ, Stykkishólmi, Garðabæ og Selfossi. Unnið var að ýmsu viðhaldi í Vínbúðunum á Kirkjubæjarklaustri, Grundarfirði, Búðardal og Flúðum. Unnið var að endurbótum á húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík og undirbúningi stækkunar á dreifingarmiðstöð ÁTVR. Einnig var unnið að uppfærslu upplýsingakerfa ÁTVR.

Lög um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5%.

Reykjavík, mars 2023

Undirritað rafrænt

Ívar J. Arndal, forstjóri.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til fjármála- og efnahagsráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbónaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, mars 2023

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason

Ríkisendurskoðandi

Áritun endurskoðanda

Til fjármála- og efnahagsráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÁTVR fyrir árið 2022.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2022, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð ÁTVR og höfum starfað í samræmi við lög nr. 46/2016 um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur Ríkisendurskoðunar. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um bókhald og lög um opinber fjármál með vísan til laga um ársreikninga.

Forstjóri er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvárdanatökum notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila en hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.

- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa forstjóra ÁTVR um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

